




# ÁRSSKÝRSLA 2025



Ársskýrsla Verzlunarskóla Íslands fyrir almanaksárið 2025 er með öðrum hætti en hefðbundnar skýrslur um skólastarf, þar sem hún tekur til tveggja námsanna sem tilheyra sitthvoru skólaárinu, auk sumarannar í fjarnámi. Í skýrslunni er gerð grein fyrir starfsemi skólans á árinu 2025, jafnframt sem vísað er til annarra skýrslna skólans þar sem fjallað er nánar um tiltekin málefni.

Ársskýrsla þessi veitir lesendum heildaryfirlit yfir starfsemi skólans og þá skólaþróun sem þar á sér stað. Á heimasíðu skólans má nálgast eldri ársskýrslur, auk skólanámskrár þar sem námsframboð skólans, skólareglur og þær stefnur og áætlanir sem unnið er eftir eru raktar ítarlega. Jafnframt eru sjálfsmatsskýrslur hvers skólaárs aðgengilegar á heimasíðunni, þar sem farið er ítarlega yfir gæðastarf skólans og greint frá þeim fjölmörgu könnunum sem lagðar eru fyrir árlega í skólastarfinu.

## REKSTRARFORM SKÓLANS

Verzlunarskóli Íslands starfar eftir [skipulagsskrá](#) fyrir sjálfseignarstofnunina Verzlunarskóla Íslands ses. Í skipulagsskránni segir meðal annars: „*Markmið stofnunarinnar er að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs innbyrðis sem og gagnvart öðrum þjóðum með því að efla almenna menntun og viðskiptafræðslu á framhaldsskólastigi.*“

Skólinn er með þjónustusamning við mennta- og barnamálaráðuneytið varðandi kennslu á framhaldsskólastigi. Skrið var undir [nýjan þjónustusamning](#) til fimm ára í október 2025. Nýi samningurinn tók við af eldri samningi sem var frá árinu 2012 og hafði verið endurnýjaður reglulega til lengri eða skemmri tíma. Þjónustusamningurinn tekur einnig við af skólasamningi sem gerður var upphaflega árið 2013 milli skólans og ráðuneytis mennta- og barnamála. Það var mikill sigur að gera fimm ára samning en það hafði staðið til í þó nokkur ár að endurnýja fyrri samning en miklar tafir urðu á því.

Skólinn hlaut í júlí 2025 [viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi](#) til þriggja ára en samkvæmt III. kafla laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008 getur mennta- og barnamálaráðherra veitt skólum, öðrum en opinberum framhaldsskólum, viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi skóla uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laga og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi nr. 426/2010 var sett 11. maí 2010.

Skólinn gerir kjarasamning við Kennarasamband Íslands (KÍ) er varðar launakjör félagsmanna KÍ. Gildandi kjarasamningur var framlengdur í apríl 2024 og gildir til 31. mars 2028. Samningurinn byggir á gildandi samningi Kennarasambands Íslands við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs um laun og starfskjör félagsfólks KÍ í opinberum framhaldsskólum. Samkvæmt þjónustusamningi Verzlunarskólans við ríkið hækkar framlag til skólans vegna kjarasamningshækkana í samræmi við hækkanir hjá opinberum framhaldsskólum.

Bakhjarlar skólans eru Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins ásamt Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum fjármálafyrirtækja og Samtökum verslunar og þjónustu. Bakhjarlarnir skipa 9 manna fulltrúaráð sem svo aftur skipar 5 manna skólanefnd.

## Fulltrúaráð skólans

Ingunn Agnes Kro, formaður  
Björn Brynjúlfur Björnsson  
Hannes Frímann Hrólfsón  
Helga Árnadóttir  
Ingibjörg Gréta Gísladóttir  
Jóhannes Stefánsson  
Margrét Sanders  
Sigríður Margrét Oddsdóttir  
Steinn Logi Björnsson

## Skólanefnd skólans

Bryndís Hrafnkelsdóttir, formaður  
Andri Þór Guðmundsson  
Benedikt Gíslason  
Hannes Frímann Hrólfsón  
Sigríður Margrét Oddsdóttir  
Ásta Henriksen þróunarstjóri og enskukennari er áheyrnarfulltrúi kennara í skólanefnd.


Skólanefnd fundaði 7 sinnum á árinu og fulltrúaráð hélt aðalfund í maí og annan fund í desember 2025 þar sem Þórdís Jóna Sigurðardóttir, forstjóri Miðstöðvar Menntunar og skólaþjónustu (MMS) og Freyja Birgisdóttir sviðstjóri matsviðs MMS, héldu erindi þar sem kynntur var nýr matsferill. Einnig var farið yfir á þeim fundi hvernig nemendum útskrifuðum frá Verzlunarskóla Íslands vegnar í námi í HÍ og HR í einstaka greinum.

## MANNAUÐUR OG SKIPURIT

Starfsmenn skólans á launaskrá árið 2025 voru að meðaltali yfir árið 120 einstaklingar. Inni í þeirri tölu eru ekki starfsmenn í kvöldræstingum eða gæslu á bókasafni. Kynjahlutföll, ef horft er til allra starfsmanna á launaskrá, eru 66% konur og 34% karlar sem er sama kynjahlutfall og árið 2024. Í hópi kennara sem telja rúmlega 90 einstaklinga eru kynjahlutföll 40% karlar en voru 37% árið á undan. Til gamans má geta að kynjahlutföll í kennarahópnum árið 2025 er sambærilegt kynjahlutfalli nemenda skólans. Í nemendaþjónustu skólans starfa fjórir starfsmenn, þrjú náms- og starfsráðgjafar og einn sálfræðingur. Fimm starfsmenn starfa í mótuneyti skólans í fjórum stöðugildum. Einn umsjónarmaður fasteigna, einn í umsjón tölvukerfis og notendaþjónustu og fjórir í dagræstingum í þremur og hálfu stöðugildi. Á bókasafni skólans starfa þrjú og þá eru þrjú starfsmenn á skrifstofu skólans auk stjórnenda sem eru fjórir.

## Stjórnendateymi skólans

- Guðrún Inga Sívertsen, skólastjóri
- Þorkell H. Diego, aðstoðarskólastjóri
- Gylfi Hafsteinsson, kennslustjóri staðnáms
- Hólmfríður Knútsdóttir, kennslustjóri fjarnáms



Skipurit skólans sem samþykkt var í skólanefnd árið 2021 er lýsandi fyrir starfsemi skólans en rekstrarsvið fundar vikulega með stjórnendateymi skólans. Þá eru sérstakir samráðs- og vinnufundir reglulega yfir skólaárið með einstaka einingum innan kennslu- og þróunarsviðs skólans.

## HÚSNÆÐI SKÓLANS

Verzlunarskóli Íslands er starfræktur í eigin húsnæði að Ofanleiti 1 í Reykjavík. Skólahúsnæðið er um 10.750 m<sup>2</sup> að flatarmáli og er hannað með fjölbreytta starfsemi skólans í huga. Í húsnæðinu eru alls 44 kennslustofur sem eru á bilinu 51–70 m<sup>2</sup> að stærð. Skólinn er bekkjaskóli og hefur hver bekkur heimastofu sem stuðlar að samfellu í námi, skýrum ramma utan um skóladaginn og sterkari bekkjaranda.

Að auki eru í skólanum tvær tölvustofur með 28 tölvum í hvorri, íþróttahús, jógasalur og æfingasalur með viðeigandi búnaði. Í skólanum er jafnframt vel útbúið bókasafn, um 350 m<sup>2</sup> að stærð, auk sérstaks lessalar sem styður við sjálfstætt nám nemenda. Sérhæfðar raungreinastofur eru í skólanum, þar af ein fyrir líffræði, ein fyrir efnafræði og ein fyrir eðlisfræði. Þá er FabLab- og hönnunarstofa í skólanum með þrívíddarprenturum, leysiskera, vínyskera og saumavélum sem nýtast m.a. í fatahönnun og skapandi námi. Ein kennslustofa er jafnframt skilgreind sem myndlistarkennslustofa.

Í skólahúsnæðinu er lyfta og aðgengi fyrir hjólastóla er mjög gott, sem tryggir jafnan aðgang allra nemenda og starfsmanna að starfsemi skólans.

Á undanförunum árum hefur verið unnið markvisst að endurbótum á húsnæði og aðstöðu skólans. Framkvæmdir hafa beinst að því að bæta aðbúnað nemenda og starfsfólks, styrkja kennslurými og efla tæknilega og kennslufræðilega innviði skólans. Áhersla hefur verið lögð á að skapa sveigjanlegt og hvetjandi náms- og vinnuumhverfi sem styður við fjölbreytta kennsluhætti, aukna samvinnu og áframhaldandi þróunarstarf innan skólans.

Unnið verður áfram að umbótum á húsnaði og aðstöðu í takt við þarfir nemenda, starfsfólks og þá framtíðarsýn sem skólinn hefur sett sér.

## NÁMSFRAMBOÐ SKÓLANS

Verzlunarskóli Íslands var stofnaður árið 1905 og er því meðal elstu skóla landsins. Í fyrstu var skólanum ætlað að mennta og efla íslenska atvinnurekendur sem þá höfðu rutt sér til rúms í verslun og viðskiptum. Enn í dag leggur skólinn áherslu á að styrkja stöðu nemenda sinna í atvinnulífinu með því að tvinna saman hagnýtar viðskiptagreinar og annað bóklegt nám.

Verzlunarskólinn hefur útskrifað stúdenta frá árinu 1945. Flestir nemendur skólans stefna nú að frekara námi á háskólastigi að loknu stúdentsprófi. Hin síðari ár hefur Verzlunarskólinn lagt aukna áherslu á stærðfræði og raungreinar enda hafa æ fleiri nemendur skólans farið í framhaldsnám í verkfræði og skyldum greinum.

Frá og með haustinu 2015 var tekið upp nýtt skipulag við skólann þar sem námstími til stúdentsprófs var stytur um eitt ár og nemendur ljúka því stúdentsprófi á þremur árum. Frá hausti 2019 hefur nemendum boðist að velja um 4 brautir sem sumar skiptast í ólíkar línur. Það eru alþjóðabraut, nýsköpunar- og listabraut, náttúrufræðibraut-líffræðilína, náttúrufræðibraut-eðlisfræðilína, viðskiptabraut-starfræn viðskiptalína, viðskiptabraut-hagfræðilína og viðskiptabraut-viðskiptalína.

Árið 2023 var farið í endurskoðun námsbrauta en sú vinna fólst í rýnihópaviðtölum við útskriftarnemendur þar sem einn rýnihópur var myndaður af hverri námslínu skólans. Nemendur voru spurðir út í nám þeirra og einstaka áfanga. Þá voru gögn notuð úr stefnumótunarvinnu skólans og könnun var send á útskrifaða nemendur þar sem þeir voru spurðir út í undirbúning fyrir háskólanám og hvað mætti betur gera. Haldnir voru vinnufundir starfsmanna og deildir fóru yfir alla áfanga sína og gerðu breytingar og uppfærslur. Þá átti sér stað samtal við háskólastigið þar sem spurt var um hvernig nemendur frá skólanum kæmu undirbúnir fyrir nám og tekið við ábendingum um hvernig mætti betur undirbúa þá undir nám í einstaka greinum.

Í upphafi árs 2024 voru niðurstöður kynntar og nýjar námsbrautir litu dagsins ljós. Nemendur sem innrituðust í skólann að vori 2024 hófu nám á nýjum og endurbættum námsbrautum. Þá voru aðrar breytingar gerðar, svo sem breytingar á próftöflu og innleiðing vikulegs prófatíma fyrir skyndipróf. Auk þess voru gerðar breytingar á haustfríi, heimastofum, lífsleikni og fleiru. Margar af þessum breytingum voru gerðar með það að markmiði að jafna álag á nemendur yfir hverja önn og á sama tíma jafna álag á kennara. Nánari upplýsingar um nýjar námsbrautir má sjá á heimasíðu skólans en þar er hægt að sjá heildarskipulag hvernar námslínu sem og nálgast áfangalýsingar hvers áfanga fyrir sig.

## 120 ÁRA AFMÆLI VERZLUNARSKÓLANS

Verzlunarskóli Íslands hélt upp á 120 ára afmæli sitt fimmtudaginn 16. október 2025 með hátíðlegum og vel sóttum afmælisviðburði í húsakynnum skólans að Ofanleiti. Tilefnið telst til merkra tímamóta í sögu skólans, en hann var stofnaður árið 1905 að frumkvæði Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Kaupmannafélags Reykjavíkur og hefur frá upphafi verið leiðandi afl í íslensku menntakerfi. Afmælisviðburðurinn var vel sóttur af núverandi nemendum og starfsfólki, fyrrverandi nemendum og öðrum góðum gestum og velunnurum skólans, sem komu saman til að fagna þessum merka áfanga. Gestum



var boðið upp á kaffiveitingar og afmælisköku og var andrúmsloftið vinallegt líkt og hefur einkennt skólasamfélagið í gegnum tíðina. Í tilefni dagsins var afhjúpuð sérstök tímalína á annarri hæð skólans, þar sem saga Verzlunarskólans var sett fram á myndrænan og aðgengilegan hátt – frá stofnun hans árið 1905 og til dagsins í dag. Tímalínan vakti mikla

athygli og gaf gestum tækifæri til að skoða þróun skólans, námsframboð og hlutverk hans í samfélaginu í gegnum 120 ár.



Dagskrá afmælisins endurspeglar lifandi skólamenningu Verzlunarskólans. Skólakórinn flutti lög, nemendur á þriðja ári tóku þátt með söngatriðum og skólinn fylltist af tónlist, lífi og gleði. Gestum gafst jafnframt kostur á að spreyta sig á vélritun, sem vakti bæði forvitni yngri gesta og nostalgíu eldri fyrrverandi nemenda. Listafélag skólans hélt opna æfingu á leiksýningu sinni og

bókasafnið setti upp sýningu á skólablöðum sem nemendur hafa gefið út í gegnum árin, þar á meðal elstu útgáfur skólablaðsins *Viljans*, sem fyrst kom út árið 1908. Þessi atriði undirstrikuðu mikilvægi félagslífs, sköpunar og virkrar þátttöku nemenda, sem hefur verið ein af meginstoðum skólans frá upphafi. Í ávörpum sem flutt voru við tilefnið var minnst langrar og farsællar sögu skólans, þar sem lögð var áhersla á jafnrétti til náms, metnað og samfélagslega ábyrgð.

Verzlunarskóli Íslands var frá stofnun einn af fyrstu skólum landsins til að bjóða piltum og stúlkum jafnan aðgang að námi, sem var framúrstefnulegt á sínum tíma, og er enn hluti af kjarnagildum skólans í dag. Jafnframt var sjónum beint til framtíðar, þar sem rætt var um hlutverk skólans í síbreytilegu samfélagi, mikilvægi nýsköpunar í námi og aðbúnaðar nemenda, og þá ábyrgð sem fylgir því að móta næstu kynslóðir. Afmælið varð þannig ekki aðeins tilefni til uppgjörs við fortíðina, heldur einnig yfirlýsing um áframhaldandi metnað og skýra framtíðarsýn.





Í mars voru tvær nýjar lágmyndir eftir listamanninn og fyrirverandi nemanda skólans, Pétur Geir Magnússon, formlega kynntar og prýða þær nú veggir annarrar hæðar Verzlunarskóla Íslands. Verkin voru keypt í tilefni 120 ára afmælis skólans. Verkin, *Tengslanet* og *Þekkingarflóra*, endurspeglar annars vegar þau dýrmætu tengsl sem myndast á skólagöngu nemenda og hins vegar fjölbreytileika og sameiginlega þekkingu þeirra. Við þetta tilefni hélt Pétur Geir ræðu þar sem hann rifjaði upp skólagöngu sína, lýsti ánægju með þróun skólans og lagði áherslu á mikilvægi sköpunar, hugmyndaauðgi og öflugslífs í menntun til framtíðar.



## VIÐURKENNINGAR OG ÞÁTTAKA Í ÝMSUM VERKEFNUM



Nemendur skólans unnu til verðlauna í frönskukeppni grunn- og framhaldsskólanna. Keppnin er haldin árlega í samvinnu Félags frönskukennara á Íslandi, Sendiráðs Frakklands á Íslandi og Alliance française á Íslandi. Þema keppninnar í ár var « *Votre monde de demain. Votre vision du monde dans l'avenir* » eða *Heimur morgundagsins. Sýn ykkar á framtíðina*“ Keppendur tóku flutning sinn upp á myndband og máttu leika sér með formið að vild; myndskreyta, leika, syngja og dansa. Nemendur Verzlunarskóla Íslands stóðu sig einstaklega vel og hlutu þrenn verðlaun af fimm mögulegum. Sigurvegarar

keppninnar voru þeir Óskar Breki Bjarkason, Þorsteinn Ari Þorsteinsson og Þór Pétursson. Sérstök verðlaun hlutu þær Iðunn Björnsdóttir og Kristín Lóa Candy fyrir einstaklega vel unnið myndband. Þriðja sætið hreptu Aldís María Gylfadóttir og María Kristín L. Jónsdóttir.



Nemendur á viðskiptabraut og nýsköpunar- og listabraut tóku þátt í Vörumessu ungra frumkvöðla í Smáralind í apríl. Alls tóku 142 fyrirtæki frá framhaldsskólum landsins sem þátt. Af þeim átti Verzlunarskólinn rúmlega 30 fyrirtæki eða 130 nemendur.

Ellefu fyrirtæki frá skólanum komust áfram í úrslit þar sem þau kynntu verkefni sín á sviði og fóru í viðtal við dómnefnd keppninnar. Fjögur fyrirtæki frá Verzló hlutu viðurkenningar: Hjartaborg hlaut 2. sæti sem fyrirtæki ársins, Þörungurinn fyrir áhugaverðustu nýsköpun, Tilfinningaeyjan fyrir samfélagslega nýsköpun og Atlas fyrir besta sjó-bissnessinn. Árangurinn undirstrikar metnað, frumkvæði og sterka stöðu nemenda Verzlunarskóla Íslands á sviði nýsköpunar og frumkvöðlastarfs.





Verzlunarskólinn hlaut Jafnvægisvogina í þriðja sinn árið 2025. Viðurkenningin er veitt þeim þátttakendum sem hafa náð að jafna kynjahlutfall í framkvæmdastjórnun. Viðurkenningin var afhent við hátíðlega athöfn á árlegri viðurkenningarhátíð Jafnvægisvogarinnar, þar sem 90 fyrirtæki, 16 sveitarfélög og 22 opinberir aðilar fengu viðurkenningu fyrir að ná fram jafnrétti í efsta stjórnendalagi. Markmið Jafnvægisvogarinnar er að tryggja 40/60 kynjahlutfall á þessum sviðum. Í efsta stjórnendalagi skólans er kynjahlutfallið 50/50 og ekki hægt að gera betur.

Á árinu hlutu fimm fyrrverandi nemendur Verzlunarskóla Íslands styrk úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta Háskóla Íslands. Um er að ræða Fannar Grétarsson, Hrafn Inga Jóhannsson, Ingu Júlíönu Jónsdóttur, Nóa Pétur Ásdísarson Guðnason og Völu Katrínu Guðmundsdóttur. Styrkirnir eru veittir nýnemum við Háskóla Íslands sem hafa sýnt framúrskarandi árangur í stúdentsnámi og jafnframt skarað fram úr á öðrum sviðum, svo sem í félagsstörfum, listum eða íþróttum. Viðurkenningin endurspeglar sterkan undirbúning nemenda Verzlunarskóla Íslands til áframhaldandi náms og þátttöku í samfélaginu.



Nemendur Verzlunarskóla Íslands náðu góðum árangri á spænskuhátíð sem haldin var í Háskóla Íslands í samstarfi við sendiráð Spánar og erlenda samstarfsháskóla. Þar tóku nemendur þátt í samkeppni með myndbönd og veggspjöld á spænsku með áherslu á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um frið og réttlæti. Fjórir nemendur skólans hlutu verðlaun fyrir myndband sitt og fengu að launum viku langt spænskunámskeið í Santiago de Compostela á Spáni. Árangurinn endurspeglar metnað nemenda og styrk alþjóðlegs náms í skólanum.

Nemendur skólans náðu framúrskarandi árangri í forkeppni Stærðfræðikeppni framhaldsskólanna, bæði á efra og neðra stigi. Alls komust tíu nemendur í efstu sæti keppinnar, þar af sex á efra stigi og fjórir á því neðra. Sérstaklega bar á árangri Elvars Magnússonar sem hafnaði í 4. sæti og var auk þess valinn í landslið Íslands sem keppir í Eystrasaltskeppninni í Riga. Árangurinn undirstrikar sterka stöðu skólans í stærðfræðinámi og metnaðarfullt starf nemenda og kennara.

Á vorönn 2025 stunduðu 1060 nemendur nám við skólann í dagskóla. Nemendur skiptast á fjórar námsbrautir og eru flestir á viðskiptabraut og náttúrufræðibraut eða 6 bekkir í hverjum árgangi. Á nýsköpunar- og listabraut er einn bekkur á hverju námsári og sama á við um alþjóðabraut sem fékk nýtt nafn með nemendum sem innrituðust vorið 2024 og heitir nú félagsvísinda- og alþjóðabraut og er einn bekkur í hverjum árgangi.

Á haustönn 2025 voru nemendur 1100 og hlutfall nemanda á brautum sambærilegt og áður. Nýnemar haustið 2025 eru fæddir 2009 sem er einn stærsti árgangur sem hefur hafið framhaldsskólanám í langan tíma og var skólinn beðinn um að taka inn fleiri nemendur en áður. Úr varð að stærsti árgangur skólans hóf nám hér haustið 2025 eða alls 388 nemendur.

### Nemendur í fjarnámi skólans

Á vorönn 2025 voru 556 nemendur skráðir í fjarnám og til lokaprófa skiluðu sér 54,0% af einingum sem lagt var upp með. Ársnemendur í námi voru 66,7.

Á sumarönn 2025 voru 549 nemendur skráðir í fjarnám og til lokaprófa skiluðu sér 73,8% af einingum sem lagt var upp með. Ársnemendur í námi voru 71,3.

Á haustönn 2025 voru 412 nemendur skráðir í fjarnám og til lokaprófa skiluðu sér 53,9% af einingum sem lagt var upp með. Ársnemendur í námi voru 51,2.

Í lok vorannar útskrifaðist einn nemandi með stúdentspróf og í lok sumarannar útskrifuðust tveir nemendur með stúdentspróf.

Á vorönn 2025 voru 20 nemendur skráðir fagnám verslunar og þjónustu og voru þeir skráðir í 333 einingar og lokanámsmat skilaði sér í 206 einingum. Fagnámsnemendur luku við 61,9% af þeim einingum sem þeir voru skráðir í.

Á haustönn 2025 voru 17 nemendur skráðir í fagnám verslunar og þjónustu og voru þeir skráðir í 172 einingar og lokanámsmat skilaði sér í 49 einingum. Fagnámsnemendur luku við 28,5% af þeim einingum sem þeir voru skráðir í. Í lok vorannar útskrifuðust tveir nemendur með fagbréf í verslun og þjónustu.

Önn	Fjöldi áfanga á önn	Fjöldi nemenda á önn	Ársnemendur skráðir	% Mæting í próf
V25 - FJAR	96	556	66,7	54,0%
S25 - FJAR	63	549	71,3	73,8%
H25 - FJAR	78	412	51,2	53,9%
V25 - FAG	20	37	5,6	61,9%
H25 - FAG	17	27	2,9	28,5%
<b>Alls</b>	<b>274</b>	<b>1581</b>	<b>197,6167</b>	<b>57,90%</b>

**Tafla 1.**  
**Fjar- og fagnemendur árið 2025, tölur úr Innu**

Á vorönn 2025 voru 13,1% fjarnemenda nemendur í grunnskólum og 30,8% voru nemendur sem stunduðu líka nám í dagskóla VÍ. Nemendur sem stunda nám í öðrum framhaldsskólum eða voru ekki skráðir í skóla eru 56,1% af nemendafjölda fjarnámsins.

Á haustönn 2025 voru 10% fjarnemenda nemendur í grunnskólum og 11,9% voru nemendur sem stunduðu líka nám í dagskóla VÍ. Nemendur sem stunda nám í öðrum framhaldsskólum eða voru ekki skráðir í skóla eru 78,2% af nemendafjölda fjarnámsins.

	Alls		Dagskóli Ví		Grunnskóli		Aðrir	
	Fjöldi	Fjöldi	% fjöldi	Fjöldi	% fjöldi	Fjöldi	% fjöldi	
V25	556	171	30,8%	73	13,1%	312	56,1%	
S25	549							
H25	412	49	11,9%	41	10,0%	309	78,2%	
<b>Alls</b>	<b>1517</b>	<b>220</b>	<b>14,5%</b>	<b>80</b>	<b>5,3%</b>	<b>1217</b>	<b>80,2%</b>	

Tafla 2.

Í töflu 2 eru ölu frá vorönn 2025 og haustönn 2025 teknar saman, en á sumarönn var erfitt að fá nákvæmar upplýsingar um stöðu nemenda í skólakerfinu.

## Brautskráning

Brautskráning nemenda Verzlunarskóla Íslands fór fram í Borgarleikhúsinu við hátíðlega athöfn þar sem alls 332 nemendur útskrifuðust með stúdentspróf á tveimur athöfnum. Viðburðurinn markaði mikilvæg tímamót í lífi nýstúdenta og var haldinn í anda þeirrar löngu og ríku hefðar sem skólinn býr yfir.



Skólustjóri, Guðrún Inga Sívertsen, ávarpaði nemendur og gesti og lagði áherslu á að útskriftin væri ekki einungis endapunktur í námi heldur einnig upphaf nýs kafla. Hún minnti á að nemendur væru nú orðnir hluti af 120 ára sögu Verzlunarskólans og bæru jafnframt ábyrgð á að móta framtíðina. Í ræðu sinni fjallaði hún einnig um mikilvægi þess að framhaldsskólaárin stuðli að bæði fræðilegum og persónulegum þroska.

Að venju voru styrkir veittir úr Ví 100 sjóðnum, sem heiðrar nemendur fyrir framúrskarandi námsárangur eða sérstakt framlag til skólastarfs. Dúx skólans var Inga Júlíana Jónsdóttir í 3-U með meðaleinkunnina 9,67 og semidúx var Vala Katrín Guðmundsdóttir í 3-S með meðaleinkunnina 9,65. Jafnframt hlutu fleiri nemendur með 9,3 eða hærra meðaleinkunn bókagjafir og námsstyrki.

Árlega útskrifast nemendur úr fagnámi verslunar og þjónustu en námið er ætlað starfsfólki verslunarfyrirtækja sem vilja auka þekkingu sína í starfi en einkum er lögð áhersla á greinar sem hafa hagnýtt gildi í verslun og viðskiptum. Nemendur vinna lokaverkefni undir handleiðslu kennara. Árið 2025 vann einn nemandi mjög áhugavert verkefni þar sem viðkomandi rannsakaði lagalega stöðu erlendra starfsmanna og samskipti á sínum vinnustað. Í niðurstöðum sínum komst nemandinn að því að skortur á íslenskukunnáttu skapar áskoranir í samskiptum á vinnustöðum. Þrátt fyrir ánægju stjórnenda með störf erlendra starfsmanna upplifa margir félagslega einangrun og telja sig ekki vera hluta af íslensku samfélagi. Þá kom fram í niðurstöðum að skýrar kröfur um íslenskukunnáttu gætu bætt stöðu erlendra starfsmanna í samfélaginu.



## Innritun

Eins og undanfarin ár var mikill áhugi á námi við skólann en alls bárust 890 umsóknir, þar af 621 umsókn sem fyrsta val, sem er umtalsverð aukning frá fyrra ári þegar slíkar umsóknir voru 522. Innritaðir voru 388 nýnemar frá 67 grunnskólum víðs vegar af landinu. Aldrei hafa jafn margir nemendur hafið nám við skólann á sama tíma og er þetta því stærsti hópur nýnema í sögu Verzlunarskóla Íslands.

Við val á nemendum var eingöngu stuðst við fyrirfram skilgreind innritunarviðmið skólans sem er námsmat úr grunnskóla. Bókstöfum í námsmati umsækjenda var umbreytt í tölugildi samkvæmt kvarða Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu (MMS). Þá var horft sérstaklega til jöfnunar kynjahlutfalls meðal nýnema og þess gætt að hlutfall hvers kyns færi ekki yfir 60% innritaðra nemenda. Einnig var tillit tekið til þeirra umsækjenda sem ekki eru með íslensku sem móðurmál en í þeirra tilvikum var vægi íslenskueinkunnar einfalt en ekki reiknað sem tvöfalt vægi.

Hæsti stigafjöldi sem hægt er að fá samkvæmt reiknireglu er 24 stig eða A í öllum greinum sem horft er til. 76 umsækjendur voru með A í öllu eða 20 % innritaðra. 350 umsækjendur voru með 23 stig eða hærra og fengu þeir allir umsókn sína samþykkt, annað hvort brautarval 1 eða brautarval 2. Hlutfall innritaðra með 23 stig eða hærra var 90% en árið 2024 var þetta hlutfall 73%.

22 umsækjendur með 22,75 stig fengu umsókn sína samþykkt í brautarval 1 eða brautarval 2. 16 umsækjendur með 22,5 stig (B+ í öllum greinum) fengu umsókn sína samþykkt í brautarval 1 eða brautarval 2.

Skipting nýnema milli brauta endurspeglar breitt námsframboð skólans. Einn bekkur var innritaður á félagsvísinda- og alþjóðbraut og einn á nýsköpunar- og listabraut. Sex bekkir voru innritaðir á náttúrufræðibraut, fjórir á líffræðilínu og tveir á eðlisfræðilínu. Á viðskiptabraut voru sex bekkir innritaðir; þrjár á hagfræðilínu, einn á stafrænni viðskiptalínu og tveir á viðskiptalínu.

## NEMENDAFÉLAG SKÓLANS



Nemendamótsnefnd setti upp söngleikinn Stjarnanna borg við miklar vinsældir. Söngleikurinn var sýndur í íþróttasal skólans eins og fyrra ár. Sýningar voru fjölmargar og uppselt á þær flestar. Leikstjórar og höfundar verksins voru þeir Mikael Emil Kaaber og Tómas Arnar Þorláksson, fyrrum nemendur skólans.

Góðgerðarvika NFVÍ var haldin í febrúar með fjölmörgum viðburðum og áskorunum þar sem nemendur og kennarar tóku virkan þátt. Markmið vikunnar var að safna í

Minningarsjóð Bryndísar Klöru og var heildarupphæðin sem safnaðist 1.024.937 krónur. Meðal áskoranna í vikunni voru að tveir nemendur heimsóttu MR og tóku lagið fyrir nemendur þar. Fjórir nemendur keyrðu hringinn í kringum





landið á merktum bíl. Þá var spilaður fótboltaleikur á Marmaranum við áhrifavalda og fleiri skemmtilegir viðburðir einkenndu vikuna sem vakti mikla lukku.

Verzló vann Morfís keppnina árið 2025. Úrslitaviðureignin var við Menntaskólann við sund. Það er alltaf mikill metnaður í Morfís liði skólans og mikið undir í keppnum og hefðin mikil. Skólinn hefur 16 sinnum unnið keppnina frá upphafi.



Peysufatadagurinn er sannkallaður vorboði í Verzlunarskólanum en nemendur á 2. ári halda upp á daginn í byrjun maí. Dagskráin hefst í skólanum en síðan er farið niður í bæ þar sem dansað er á Ingólfstorgi. Eftir myndatöku fyrir framan Háskóla Íslands er farið í hádegismat í Gullhömrum og kvöldið endar svo á dansleik.



Nýnemavika markar ávallt upphaf skólaársins og setur líflegan og jákvæðan svip á skólalífið. Engin undantekning var á því haustið 2025. Vikan er mikilvægur þáttur í móttöku nýnema og leggur sérstaka áherslu á félagslega tengslamyndun, liðsheild og þátttöku í skólasamfélaginu. Í tengslum við nýnemavikuna tóku nemendur þátt í fjölbreyttum þemadögum og samkeppnum þar sem bekkir unnu sameiginlega að ólíkum verkefnum og áskorunum. Verkefni stuðluðu að samvinnu, jákvæðu samskiptum og virkri þátttöku nemenda í daglegu skólastarfi, auk þess sem nýnemar sinntu skreytingum á kennslustofum sínum. Vikunni lauk með nýnemaferð þar sem nemendur komu saman í skipulagðri dagskrá sem styrkti enn frekar tengsl þeirra innbyrðis. Skipulagning nýnemavikunnar var í höndum Skemmtó, sem lagði metnað í að gera móttöku nýnema eftirminnilega og stuðla að góðum grunni fyrir komandi skólaár.



Listafélag Verzlunarskóla Íslands setti upp leikritið *Týnd á tveimur stöðum* undir leikstjórn Kristins Óla Haraldssonar og Sölkú Gústafsdóttur. Verkið fjallar um leigubílstjórann Guðrúnu Jónsdóttur sem lifir tvöföldu lífi með tveimur heimilum og tveimur mökum. Þegar röð óvæntra atburða rýfur vandlega skipulagt daglegt líf hennar skapast aðstæður fullar af misskilningi og klandri, þar sem litríkir karakterar gerðu sýninguna lifandi og afar skemmtilega. Sýningin var afrakstur metnaðarfullrar vinnu nemenda og starfsfólks Listafélagsins og vakti verðskuldaða athygli.

Listafélag Verzlunarskóla Íslands setti upp leikritið *Týnd á tveimur stöðum* undir leikstjórn Kristins Óla Haraldssonar og

Sölkú Gústafsdóttur. Verkið fjallar um leigubílstjórann Guðrúnu Jónsdóttur sem lifir tvöföldu lífi með tveimur heimilum og tveimur mökum. Þegar röð óvæntra atburða rýfur vandlega skipulagt daglegt líf hennar skapast aðstæður fullar af misskilningi og klandri, þar sem litríkir karakterar gerðu sýninguna lifandi og afar skemmtilega. Sýningin var afrakstur metnaðarfullrar vinnu nemenda og starfsfólks Listafélagsins og vakti verðskuldaða athygli.





Tveir bekkir á fyrsta ári fengu þann heiður að vera fyrstu framhaldsskólanemarnir til að heimsækja handritssýninguna Heimur í orðum í Eddu – húsi íslenskunnar – og þar með þeir fyrstu til að kynnst hinum nýju heimkynnum Þjóðararfsins.

Rito Tinto álverið bauð nemendum í 3-T og 3-U í heimsókn til að kynnst starfseminni

og skoða verksmiðjuna. Heimsóknin hófst á fræðslufyrirlestri um sögu álversins, sem var það fyrsta sem byggt var á Íslandi, auk kynningar á framleiðsluferlinu. Að því loknu var farið í vettvangsferð um helstu byggingar svæðisins. Nemendur fengu meðal annars að fara inn í kerskála, þar sem súrál er brætt í sérstökum kerjum og breytist í ál-málm. Þaðan er álið flutt í steypuskála þar sem sérstakar álblöndur eru framleiddar til útflutnings. Nemendum fannst eins og þeir væru staddir í vísindamynd þegar þeir gengu um álverið enda mikið um sjálfvirk færribönd að hreyfa til risavaxna sívalninga af áli og sjóðandi heitir ofnar með glóandi málmblöstu við í lengstu byggingu landsins.



Nemendur í NGK bekknum stóðu fyrir málstofu þar sem málefni norðurslóða voru rædd með sérstakri áherslu á Grænland. Bogi Ágústsson, sem er vel þekktur fyrir störf sín hjá RÚV, flutti fróðlegt erindi þar sem hann ræddi um málefnið út frá sjónarhóli alþjóðastjórnarmála. Hann fór meðal annars yfir umdeildar yfirlýsingar Bandaríkjaforseta um Grænland, stóðu sjálfstjórnarmála þar og almennt um válegt andrúmsloft á svæðinu.

Að loknu erindi Boga tók Sævar Helgi Bragason, gjarnan nefndur Stjörnu-Sævar, við og fjallaði um stöðu umhverfismála víða um heim. Hann vakti athygli á því hvað við getum gert til að bæta umhverfið og lagði áherslu á mikilvægi þess að við ræktum samband okkar við náttúruna, enda erum við sjálf náttúruverur. Þó að vissulega hafi verið þungt yfir að mörgu leyti þá enduðu þeir félagar á jákvæðum nótum. Þegar þeir voru beðnir að velja orð sem lýsti best norðurslóðum og fólkinu sem þar býr, valdi Bogi orðið *virðing* og lagði áherslu á þá virðingu sem ríkir innan og milli samfélaga Norðurlandanna. Hann var bjartsýnn á samstarf okkar til frambúðar. Sævar tók í sama streng og valdi orðið vinátta. Viðburðurinn vakti mikla ánægju meðal viðstaddra. Auk NGK bekkjarins mættu margir nemendur af öðru ári ásamt kennurum sínum. Fjöldi vel úthugaðra spurninga frá nemendum sýndi greinilega áhuga þeirra á málefnum.





Nemendur á þriðja ári á alþjóðabraut Verzlunarskóla Íslands heimsóttu kínverska sendiráðið í Borgartúni, þar sem tekið var á móti þeim af kínverska sendiherranum, He Rulong, og starfsfólki sendiráðsins. Nemendur fengu kynningu á starfsemi sendiráðsins og áttu ítarlegt samtal um samskipti Íslands og Kína, stöðu Kína í alþjóðasamfélaginu og störf sendifulltrúa. Heimsóknin tengdist námi nemenda í málefnum Suðaustur-Asíu og veitti þeim dýrmæta innsýn í alþjóðleg samskipti frá fyrstu hendi. Heimsóknin var afar vel heppnuð og þótti bæði fróðleg og áhugaverð.

Menntamálaráðherra Grænlands, Nivi Olsen, heimsótti Verzlunarskóla Íslands á árinu og kynnti sér starfsemi skólans. Í heimsókninni átti hún fund með nemendum í NGK-bekknunum, þar sem nemendur frá Íslandi, Færeyjum, Grænlandi og Danmörku stunda sameiginlegt nám á þriggja ára tímabili. Námið byggir á virku alþjóðlegu samstarfi og fer fram í öllum þáttökulöndunum. Heimsóknin endurspeglar áhuga á alþjóðlegu samstarfi og menntun þvert á landamæri.



Norðuratlantshafsbekkurinn (NGK) heimsótti Alþingi Íslendinga á árinu sem hluta af námi sínu. Hópurinn fékk leiðsögn um Alþingishúsið frá Atla Frey Steinþórssyni, starfsmanni skrifstofu Alþingis, sem kynnti sögu þingsins og þau listaverk sem prýða húsið. Auk þess áttu nemendur fund með alþingismanninum Pawel Bartoszek, sem sagði frá starfi sínu á Alþingi og reynslu sinni af þátttöku í stjórnmálum. Nemendur tóku virkan þátt í umræðum og fengu dýrmæta innsýn í lýðræðislegt starf Alþingis og stjórnmálaumhverfið á Íslandi.

Þrettán nemendur Verzlunarskóla Íslands tóku þátt í alþjóðlegu sumarnámskeiði við Cambridge University ásamt nemendum frá Menntaskólanum í Hamrahlíð og Menntaskólanum í Reykjavík. Námskeiðið, sem bar heitið *The Uncomfortable Journey*, lagði áherslu á persónulega eflingu, sjálfskoðun og að færa sig út fyrir þægindarammann, auk þess að veita innsýn í einstakt háskólaumhverfi Cambridge.

Nemendur dvöldu á stúdentagörðum Peterhouse College og fengu þannig raunhæfa reynslu af daglegu lífi háskólanema.

Þeir unnu krefjandi hópverkefni undir leiðsögn doktorsnema við Cambridge University og nýttu jafnframt tækifærið til að kynna borginni og menningu hennar utan kennslustunda.



## FORELDRASAMSTARF



Öflug foreldrafélag er starfandi við skólann. Markmið félagsins er að vera samráðs- og samstarfsvettvangur foreldra og forráðamanna barna í skólanum. Einnig er markmið félagsins að vera bakhjarl skólans og auka áhrif foreldra og forráðamanna sem hagsmunahópur um bættan hag og stöðu skólans. Allir foreldrar og forráðamenn barna í skólanum eru meðlimir í foreldrafélaginu.

Árlega stendur félagið fyrir fræðslufundum fyrir foreldra. Þá koma foreldrar að gæslu fyrir utan böll nemendafélagsins og gefa vinninga í edrúpott. Haustið 2025 stóð foreldrafélagið fyrir opnum fundi með foreldrum þar sem skólastjóri sat fyrir svörum. Skemmtilegar umræður sköpuðust á fundinum og ýmsum spurningum var svarað um nám, félagslíf og almennt skólastarf.



## STARFSEMI EINSTAKRA EININGA SKIPURITS

### Nemendapjónusta

Í nemendapjónustunni starfa þrír náms- og starfsráðgjafar í þremur stöðugildum og einn sálfræðingur í 80% stöðugildi. Auk þeirra er starfandi við skólann hjúkrunarfræðingur á vegum Heilsugæslu Reykjavíkur í 35% starfi og er samstarf þar á milli. Náms- og starfsráðgjafar skipta með sér árgöngum og fylgja þeim frá fyrsta degi til útskriftar. Verkefni deildarinnar eru fjölbreytt en snúa þó flest að því að aðstoða nemendur í námi eða persónulegum málum. Samvinna er á milli náms- og starfsráðgjafa og sálfræðings deildarinnar sem grípur mál sem þarfnast nánara mats, stuðnings og jafnvel vísunar til fagaðila úti í bæ. Samvinna er við annað fagfólk, tilvísunaraðila, foreldra, skólastjórnendur og kennara. Nemendapjónustan situr vikulega fundi með samráðsteymi sem samanstendur af deildinni og Guðrúnu Ingu skólastjóra, Þorkeli aðstoðarskólastjóra, Gylfa kennslustjóra staðnáms og Hólmfríði kennslustjóra fjarnáms. Einnig situr deildarstjóri nemendapjónustu vikulega fundi með skólastjórnendum og deildarstjórum annarra stoðdeilda. Eftirlit með mætingu nemenda eru í höndum skólastjórnenda og nemendapjónustu.



Árið 2025 var áfram unnið með hópefli og samstöðu í bekkjum. Náms- og starfsráðgjafar fóru inn í alla bekkir á 1., 2. og 3. ári með hópeflisleiki og bekkjarvinnu haustið 2025. Þetta er vinna sem nemendapjónustan hefur gert að föstum liði á hverju hausti þar sem reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að hrista nemendur vel saman strax í upphafi skólaárs. Til viðbótar við þessar heimsóknir eru starfsmenn nemendapjónustunnar hluti af Hringekju annars árs og fara vikulega í tíma í bekkina á 2. ári. Námsráðgjafar beina sjónum að bekkjaranda og sálfræðingur að geðheilbrigði. Námsráðgjafar áttu í góðu samstarfi við umsjónarkennara sem voru duglegir að láta vita ef þeir fundu fyrir að bekkir voru ekki að blandast vel og var reynt að grípa

inn í með allskonar hópeflisvinnu. Einnig fór námsráðgjafi 1. árs inn á allt fyrsta árið með stutta námstæknikynningu í byrjun haustannar og aftur með prófaundirbúning í lok haustannar ásamt kennslustjóra staðnáms.

Náms- og starfsráðgjafar kalla í nemendur og fylgja eftir miðannarmati bæði á haust- og vorönn. Eftir jólaþróf er jafnframt talað við alla þá nemendur sem eiga úppfylltar námskröfur eftir prófin og í framhaldinu fylgt eftir að þeir sem það þurfa skrá sig í fjarnám á vorönn. Námsráðgjafi 3. árs, í samstarfi við kennslustjóra, fara yfir námsferla úrskriftarefna og grípa inn í ef þurfa þykir.

Náms- og starfsráðgjafar hafa umsjón með hvaða foreldra á að kalla í eftir jólaþróf og taka saman upplýsingar fyrir umsjónarkennara til að tryggja að talað verði við þá nemendur sem þurfa á því að halda.

Annað sem fellur undir deildina árið 2025 var m.a. prófkviðanámskeið, móttaka nýnema að hausti og um jól, halda fund fyrir nemendur sem koma erlendis frá eða utan af landi, ráðgjöf við nemendur í NGK bekk og undirbúningur útskriftar sem og kynningar- og markaðsmál. Undirbúningur foreldrafundar nýnema að hausti er einnig hluti af verkefnum deildarinnar.



Litli háskóladagurinn var haldinn í skólanum og komu fulltrúar frá öllum háskólunum ásamt fleiri stofnunum sem gagnlegt er fyrir útskriftarnema að vita um. Nemendur á öllum

árum voru áhugasamir og var 2. árinu boðið að vera með á kynningunni. Nemendabjónustan sá um skipulagningu dagsins eins og síðustu þrjú ár. Segja má að þessi dagur sé orðinn fastur liður í starfi deildarinnar.



Náms- og starfsráðgjafar sáu um skólakynningar fyrir 10. bekkinga, fóru og kynntu skólann á Minni framtíð í Laugardalshöllinni, undirbjuggu Ópið hús í mars 2025 en þar er grunnskólanemendum boðið í heimsókn og þurftu þeir að skrá sig fyrir fram. Farið var með litla hópa í „lestum“ um húsið ásamt því að skólastjórnendur kynntu skólann í Bláa sal. Nemendafélagið var einnig í húsi og kynnti sitt starf og sýndi brot úr nemendasýningu í íþróttahúsinu.

Farsæld barna var áfram hluti af störfum deildarinnar og sóttu tengiliðir fundi nokkrum sinnum er varða þann málaflokk. Nýtt bókunarkerfi deildarinnar hefur reynst vel og nemendur duglegir að nýta sér það.

Deildin sótti ýmsa fræðslufundi árið 2025 sem og vinnufund með öðrum fagaðilum og sem dæmi um það má nefna fund sem haldinn var á Grand hóteli og bar yfirheitið „Frá orðum til aðgerða – saman tryggjum við öryggi barna“.

Nýjung árið 2025 var að mæta þörfum nemenda með greiningar/vottorð í þriðjudagsprófum sem gilda 20% eða meira yfir önnina. Námsráðgjafar höfðu umsjón með þeim og sátu yfir í sérstofu þar sem veittur var lengri próftími. Sá háttur er hafður á að nemendur sækja um sérúrræði fyrir kl. 12 á föstudegi fyrir þriðjudagsprófin.

Að lokum hefur Ásta sálfræðingur haft yfirumsjón með gerð samskiptasáttmála og fékk með sér kennara og starfsmenn og voru námsráðgjafar með í þeirri vinnu.

## Skólaþróun

---



Þróunarstjórar skipulögðu menntabúðir þar sem kennarar og aðrir starfsmenn komu saman til að miðla af reynslu sinni og þekkingu, auk þess að sækja sér innblástur og fróðleik frá öðrum þátttakendum. Gestir gátu rölt á milli tólf mismunandi stöðva þar sem kynnt voru fjölbreytt og áhugaverð viðfangsefni, allt frá nýstárlegum kennsluaðferðum og spennandi forritum til þjónustu sem stoðdeildir skólans bjóða upp á. Menntabúðirnar reyndust bæði fræðandi og skemmtilegar og gáfu



þátttakendum tækifæri til að efla tengsl og deila hugmyndum.

Mennta- og barnamálaráðuneytið og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu stóðu á árinu fyrir uppskeruhátíð styrkþega skólaþróunarverkefna sem tengjast menntastefnu stjórnvalda til ársins 2030. Markmið viðburðarins var að draga fram árangur verkefnanna, efla tengsl milli þátttakenda og kynna næstu skref í áframhaldandi þróunarstarfi. Verzlunarskóli Íslands átti tvo fulltrúa á hátíðinni, þær Halldóru Ósk Hallgrímsdóttur og Katrínu Jónsdóttur. Skólinn hlaut styrk til að halda skólaþing sem fram fór í desember og var verkefnið kynnt sem hluti af heildaryfirliti skólaþróunarverkefna á landsvísu.

Á viðburðinum var meðal annars kynnt ný vefsíða á vegum Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu sem ætlað er að safna saman og miðla efni úr verkefnunum. Þá voru sýnd kynningarmyndbönd sem veittu innsýn í fjölbreytt þróunarverkefni á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi sem og í frístundastarfi.



## Þróunverkefni og starf þróunarstjóra

Starf þróunarstjóra á skólaárinu var fjölbreytt. Fastir fundir voru á miðvikudögum kl. 13-16 en þar fyrir utan funduðu þróunarstjórar ýmist einir eða með öðrum á öðrum tímum.

Ákveðið var að leggja nýtt þróunarverkefni fyrir nemendur á fyrsta ári haustið 2025 sem bar yfirskriftina *Samkennd og sjálfræði* og fengu nemendur það verkefni að láta gott af sér leiða í samfélaginu. Tilgangur verkefnisins var að efla



meðvitund nemenda um samfélagslegaábyrgð, efla samkennd þeirra og siðferðisvitund auk þess að styrkja ábyrgðartilfinningu þeirra og gagnkvæma virðingu meðal nemenda.

Nemendurnir skipulögðu viðburði eða sinntu sjálfböðavinnu í samvinnu við

ýmsar stofnanir og félagasamtök og fengu þannig tækifæri til að setja sig í spor annarra og sýna samhug. Þau fóru víða í fimm til sex manna hópum, meðal annars heimsóttu þau

dvalarheimili aldraðra, kirkju, leikskóla,



íþróttafélög fatlaðra, Hjálpræðisherinn, Rauða krossinn, Barnaspítala Hringins og Þjóðgarðinn á Þingvöllum. Þar unnu þau sjálfböðaliðsvinnu í samvinnu við staðarhaldara eða buðu upp á samverustundir með tónlistaratriðum, skák, bingó, dansi, jóga og fleiru. Margir hópar buðu einnig upp á veitingar og spjall. Nemendur okkar fengu góðar móttökur og tækifæri til að láta gott af sér leiða í samfélaginu í þessu verkefni. Einnig upplifðu þau sjálf gleðina sem felst í því að gleðja aðra.

Á alþjóðlegum degi umönnunar og stuðnings (29. október), kynntu nemendur, en þau voru 368 talsins, þróunarverkefni sín og var foreldrum / forráðamönnum boðið í hús. Þar sem Verzlunarskólinn er UNESCO skólinn ber okkur að halda upp á a.m.k. einn UNESCO dag á ári og varð þessi dagur fyrir valinu.

**Hrafnista**  
Oct 10 · 🌐

Nemendur á fyrsta ári í Verzlunarskóla Íslands komu til okkar í heimsókn á Hrafnistuheimilin 8. og 9. október og héldu skemmtilega viðburði í tengslum við þróunarverkefnið Samkennd og sjálfstæði. Markmið verkefnisins er að nemendur láti gott af sér leiða víða í samfélaginu.

Nemendur heimsóttu öll Hrafnistuheimilin á höfuðborgarsvæðinu og héldu ýmis konar viðburði eins og hópefli, leiki og bocciakeppni. Boðið var upp á söngstund og komið á fót kaffihúsastemningu þar sem nemendur buðu upp á kaffi og bakkelsi. Einnig var haldið bingó þar sem nemendur sáu um að útvega veglega vinninga.

Við á Hrafnistu þökkum nemendum úr Verzlunarskólanum hjartanlega fyrir komuna. Aldeilis frábært framtak 🍌  
Það var sannarlega ánægjulegt að fá þau í heimsókn. Takk fyrir okkur 💜





Nemendur á þriðja ári, á nýsköpunar- og listabraut, unnu einnig þróunarverkefni. Um var að ræða samþættingarverkefni ensku, íslensku og heimspæki og lista og markmið verkefnisins var að halda kvikmyndahátíð. Nemendur framleiddu stuttmyndir og stýrðu verkefninu sjálf undir leiðsögn kennara. Þema verkefnisins var „Hvernig skal breyta“, og spannar það vítt svið hugmynda. Áhorfendur, sem voru m.a. kennarar, stjórnendur og nemendur á fyrsta og öðru ári sömu brautar, fengu að sjá fjölbreyttar og skapandi stuttmyndir. Greinilegt var að mikill metnaður og ímyndunarafli hafði farið í vinnuna. Að lokinni sýningu var haldin pítsuveisla þar sem nemendur ræddu myndirnar. Hátíðin tókst vel til og endurspeglaði þann sköpunarkraft sem einkennir nýsköpunar- og listabrautina.



Eftir að þróunarverkefni voru lögð fyrir unnu þróunarstjórar að eftirfylgni, úrvinnslu og áframhaldandi þróun verkefnanna. Þróunarstjórar funduðu með kennurum þróunarverkefnanna. Tilgangur fundanna var að stilla saman strengi, undirbúa verkefni næsta skólaárs og ræða breytingar á verkefnum. Fyrirhugað er halda áfram með sambærileg þróunarverkefni á næsta ári og voru niðurstöður skoðanakannana sem lagðar voru fyrir nemendur og kennara nýttar í að þróa verkefni áfram. Fyrirhugað er að kanna áhuga á því að leggja fyrir fleiri þróunarverkefni, t.d. samþættingarverkefni tveggja faga.

Eitt af hlutverkum UNESCO-skóla er að halda upp á einn eða fleiri af fjölmörgum alþjóðlegum dögum. Þann 25. september var fánadagur heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og fánanum var flaggað í tilefni dagsins.

Þróunarstjórar eru tengiliðir skólans við UNESCO-skóla á Íslandi. Stöðuskýrslu var skilað til verkefnastjóra UNESCO-skóla þar sem farið var yfir UNESCO-verkefni skólans á árinu. Fjallað var um umfang UNESCO-starfs innan skólans ásamt lýsingu á UNESCO-verkefni og námskeiðahaldi. Einnig var tilgreint að hvaða leyti stjórnendur skólans styðja UNESCO-verkefni.

Þróunarstjórar tóku þátt í verkefninu Ferðalag um íslenska skólakerfið. Verkefnið snýst um það að búa til kynningarmyndbönd um áhugaverð skólaþróunarverkefni sem unnin eru í leik-, grunn-, og framhaldsskólum. Nokkrir tugir verkefna voru tilnefnd og var þróunarverkefnið á fyrsta ári eitt af þeim tíu verkefnum sem urðu fyrir valinu. Samtök áhugafólks um skólaþróun styrkja verkefnið og verður myndbandið aðgengilegt á heimasíðu samtakanna en frumflutt á Utís-ráðstefnu sem haldin er í september 2026. Steinunn Bjarnveig Blöndal, nemandi í 1-X tók einnig þátt í verkefninu með þróunarstjórum.



Þann 23. janúar mættu þróunarstjórar á málþing á vegum UNESCO um menningar- og listmenntun. Málþingið fór fram í hátíðarsal Háskóla Íslands. Logi Már Einarsson, menninga-, nýsköpunar- og háskóla ráðherra og Ásthildur Lóa Þórsdóttir, mennta- og barnamálaráðherra héldu opnunarávörp. Tilefni málþingsins var meðal annars nýr alþjóðlegur rammi um menningar- og listmenntun. Dagskráin var fjölþætt og áhugaverð erindi um menningar- og listmenntun á hinum ýmsu skólastigum víðsvegar um landið. Sá sem hélt aðal erindið var Ron Davis Alvarez, hljómsveitarstjóri og tónlistarkennari. Erindi hans var afar líflegt og yfirskriftin var „Music as a Tool for Social Transformation and Inclusive Education“. Almennt fjölluðu erindin um kosti menningar- og listkennslu sem hentar sérlega vel til þess að mæta fjölbreyttum nemendahópi. Pétur Hjörvar talaði um meðal annars um verkefni sem nemendur á fyrsta ári í Ví gerðu í þróunarverkefninu. Verkefnið komst í fjölmiðla



([https://www.mbl.is/frettir/innlent/2024/10/06/viljum\\_sja\\_til\\_thess\\_ad\\_thetta\\_gerist\\_aldei\\_aftur/?orig\\_in=helstu](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2024/10/06/viljum_sja_til_thess_ad_thetta_gerist_aldei_aftur/?orig_in=helstu)) og snýst um hníflausa framtíð. Nemendur söfnuðu undirskriftum og snýst um hníflausa framtíð.

Þróunarstjórar sóttu málþingið Framhaldsskólinn eftir faraldur: Áskoranir, aðlögun og eftirmálar sem fór fram í Verzlunarskólanum. Málþingið er haldið í samvinnu við Samtök áhugafólks um skólaþróun og er uppskeruhátíð stórrar rannsóknar á Menntavísindasviði sem hófst vorið 2020 og lagði meirihluti

Málþingið, Framhaldsskólinn eftir faraldur: Áskoranir, aðlögun og eftirmálar fer fram í Verzlunarskóla Íslands föstudaginn 28. nóvember kl. 13-16. Verið öll velkomin!



starfsmanna framhaldsskóla landsins til efni í hana. Meðal annars var fjallað um kennslu, samstarf og starfsumhverfi og námsskerðingu í kjölfar Covid 19. Á dagskrá þróunarstjóra er að skoða hvort skólinn hafi minnkað kröfur til nemenda og ef svo er hvernig best er að herða kröfur á ný.

Menntakvika er árleg ráðstefna á vegum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, þar sem kynntar eru nýjustu rannsóknir og þróun í menntavísindum og tengdum greinum. Hún er ein stærsta ráðstefna landsins á þessu sviði og opin öllum. Sótti einn af þróunarstjórunum ráðstefnuna til að kynna sér nýjungar sem e.t.v. væri hægt að nýta í þróun kennsluhátta í skólanum.

Þar sem skólinn er UNESCO-skóli fengu nemendur skólans tækifæri á að taka þátt í ráðstefnu fyrir ungt fólk þar sem fjallað var um eina af stærstu áskorun samtímans, loftslagsbreytingar.

Nemandi sem vinnur að meistaraverkefni við Menntavísindasvið Háskóla Íslands um hnattræna borgaravitund í UNESCO-skólum fékk leyfi til að gera könnun meðal u.þ.b. fjörutíu nemenda á 3. ári.

Ýmis verkefni bíða þróunarstjóra næsta vetur. Stærstu verkefnin eru að halda utan um þróunarverkefni og e.t.v. skipuleggja fleiri slík verkefni. Ýmiss önnur verkefni sem tengjast námi, kennslu og skólastarfinu í heild bíða þróunarstjóra næsta skólaár. Spennandi verður að sjá hvað nýtt skólaþróunarteymi leggur til í málefnum starfsþróunar kennara. Á dagskrá þróunarstjóra er að skoða hvort skólinn hafi minnkað kröfur til nemenda og ef svo er hvernig best er að auka kröfur á ný. Aukin notkun nemenda og kennara á gervigreind kallar á viðbrögð af hálfu skólans og þróunarstjórar ættu að taka þátt í þeirri vinnu sem fram undan er. Einnig er á dagskrá þróunarstjóra að sækja um K2 ERASMUS+ styrk í samvinnu við alþjóðafulltrúa skólans með það fyrir augum að þróa ný verkefni með kennurum í erlendum skólum.

## Gæðamál

Við skólann starfar gæðateymi sem samanstendur af skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, kennslustjóra fjarnáms, skjalastjóra, gæðastjóra auk tveggja kennara. Gæðateymið hefur umsjón með könnunum sem framkvæmdar eru innan sem utan skólans, vinnur úr niðurstöðum þeirra og kemur með tillögum að úrbótum. Gæðateymið gerir verkáætlun fyrir hvert skólaár og fylgir henni eftir. Árið 2024 voru gerðar nokkrar kannanir m.a. kennslukönnun, sem lögð er fyrir alla nemendur skólans, viðhorfskannanir til þróunarverkefna og könnun á stefnu útskriftarefna eftir útskrift. Teymið fór einnig yfir stefnur og verklagsreglur, ásamt því að vinna nýjar verklagsreglur eftir þörfum. Nánar má lesa um starf gæðateymisins í sjálfsmatsskýrslu skólans sem er aðgengileg á heimasíðu hans.

The poster is titled "MODEL UN HERMILÍKAN SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA" and "Model UN ráðstefna fyrir ungt í framhaldsskólum". It is organized by the Icelandic Association of Secondary Schools (Sameinuðu þjóðirnar) and the Icelandic Ministry of Education (Menntavísindasvið). The poster lists the date as November 1st and the location as Saga Háskóli Íslands. It includes a QR code for registration and a list of sponsors: Sameinuðu þjóðirnar, Vísingur, and HI Menntavísindasvið.



Í apríl tóku nemendur og starfsfólk Verzlunarskóla Íslands höndum saman á umhverfisdegi skólans og unnu markvisst að því að fegra og hlúa að nærumhverfi sínu. Nemendur sinntu margvíslegum verkefnum á skólalóðinni, svo sem gluggaþrifum, götuþrifum, ruslatínslu og hreinsun tjarnar, auk annarra tiltektarstarfa. Jafnframt var Kringlulóðin hreinsuð af rusli með öflugri þátttöku nemenda. Að lokinni vinnu var öllum boðið upp á bakkelsi, sem fyrirtækin Brikk og Sandholt gáfu. Með þessari ráðstöfun var jafnframt vakin athygli á mikilvægi þess að draga úr matarsóun. Þátttaka nemenda var mjög góð og ríkti jákvæð og samheldin stemning. Umhverfisdagurinn er orðinn fastur liður í skólastarfinu og undirstrikar gildi samvinnu, ábyrgðar og umhverfisvitundar í skólasamfélaginu.



Grænfáninn er alþjóðleg viðurkenning fyrir árangursríkt starf í þágu umhverfisins. Skólinn hlaut fánann í fjórða sinn í maí og það að hljóta fánann árlega er staðfesting á því að markvisst og árangursríkt starf hefur átt sér stað á undanförunum árum og hvatning til að halda áfram að efla sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð í anda umhverfisstefnu Verzlunarskóla Íslands.

## Alþjóðasamskipti



Mikið var um að vera í alþjóðastarfinu árið 2025. Skólinn tók þátt í fjölda verkefna sem sum voru styrkt og önnur ekki. Styrktu verkefni voru þá annars vegar í gegnum Erasmus plus samstarfið eða Nordplus Junior. Byrjum umfjöllun á því síðarnefnda.

Tvær ferðir voru farnar í tengslum við Nordplus Junior verkefni sem fjallar um félagslega sjálfbærni. Þetta er samstarfsverkefni með skóla í

Kambsdal í Færeyjum og Óðinsvéum í Danmörku. Fimmtán nemendur og þrjú starfsmenn fóru í ferðir til beggja landa.





Fleiri ferðir voru farnar á vegum Nordplus Junior því átta nemendur af viðskiptabraut fóru um vorið til Danmerkur og svo einnig um haustið til Finnlands í tengslum við Nordic Circle verkefnið.

NGK bekkurinn hóf Íslandsdvöl sína í janúar. Nemendur í NGK stunda

nám til stúdentsprófs í fjórum löndum á þremur árum. Í bekknum eru nemendur frá Íslandi, Danmörku, Færeyjum og Grænlandi.



Tveir starfsmenn héldu svo til Numedal í Noregi til að vinna að umsókn að verkefni með skóla þar sem fjallar um sameiginlega menningu landanna með Gunnlaugs sögu sem höfuðþema. Þetta reyndist vel heppnuð ferð því umsóknin var samþykkt.

Einnig fóru þrír starfsmenn í vel heppnaða til Danmerkur í tengslum við verkefni um námsmat með Det Frie Gymnasium í Kaupmannahöfn og skrifuðu þeir grein um málið í kjölfarið.



Einnig voru mörg verkefni í gangi styrkt af Erasmus plus áætlun Evrópusambandsins. Átta nemendur skólans fóru í skammtímaskiptaverkefni til Frakklands og til Spánnar en í slíkum verkefnum mæta þeir í heimaskólana alla daga. Tíu nemendur fóru til Torredembarra á Spáni um vorið. Alþjóðabekkirir á 2. og 3. ári fóru til Abruzzo héraðs á Ítalíu og Ostrava í Tékklandi.

Nemendur með frönsku sem þriðja mál fóru til Rennes í Frakklandi og tíu nemendur á líffræðibraut fóru til Teplice í Tékklandi. Einnig lauk þátttöku okkar í K220 verkefninu Sosial Sostanabilidad með annars vegar heimsókn til Barcelona um vorið og svo móttöku á Íslandi um haustið.



Að lokum voru líka nokkuð mörg óstyrkt verkefni. Um vorið fóru 20 nemendur til Írlands í samstarfi við Wilson's Hospital School. 3-A fór í árlega Brusselferð þar sem m.a. var höfuðstöðvar NATO og EFTA voru heimsóttar. Þess verður að geta að í staðinn fyrir vinnu af hálfu nemenda styrkti skólinn ferðina að hluta til. 32 nemendur með spænsku sem þriðja mál fóru í heimsókn til Cartagena.





Um haustið fóru 10 nemendur í heimsókn til Penningtonskóla í New Jersey fylki í Bandaríkjunum og 28 nemendur af eðlisfræðibraut á 3. ári fóru til Sviss, m.a. til að skoða CERN.

Samhliða þessu var tekið á móti fjölda erlendra nemenda í tengslum við flest af ofangreindum verkefnum sem og erlendum starfskyggjum sem komu hingað til að kynna sér skólann og starfsemi hans.

Sé heildarfjöldi tekin saman voru þetta u.þ.b. 250 nemendur á 2. og 3. ári skólans sem fóru í ferðir í tengslum við alþjóðastarf skólans. Með í för voru 26 starfsmenn skólans.

Að lokum skal nefna að í ágúst 2025 tók Hallur Örn Jónsson við stöðu verkefnastjóra alþjóðasamskipta af Ármanni Halldórssyni sem hafði leitt þetta öfluga starf í fjögur ár.

## Bókasafn

Bókasafn Verzlunarskólans er mikilvægur hluti af stoðþjónustu skólans og veitir bæði nemendum og starfsfólki aðgengi að fræðslu, aðstöðu og upplýsingaráðgjöf. Bókasafnið var opið frá kl. 8:00–19:00 mánudaga til fimmtudaga og frá kl. 8:00–15:00 á föstudögum. Á prófatímum var opnunartími lengdur til að mæta þörfum nemenda.



Alls voru 11.756 útlán skráð á árinu – þar af 10.681 útlán til nemenda og 1075 til starfsfólks.

Á árinu var ráðist í endurbætur á aðstöðu safnsins. Safnið var málað og stiginn teppalagður, sem bætti bæði aðstöðu og hljóðvist til muna. Einnig voru keyptir nýir stólar fyrir notendur safnsins sem hafa reynst mjög vel og auka þægindi nemenda við nám.

Hópvinnuherbergi safnsins var áfram afar vinsælt og mikið notað af bæði nemendum og kennurum fyrir hópverkefni, próf og fundi.

Í upphafi skólaárs heimsótti Klara, bókasafnsstjóri, lífsleiknitíma nýnema og kynnti þjónustu bókasafnsins. Þar var farið yfir helstu þjónustubætti safnsins, svo sem aðstoð við heimildaleit, heimildaskráningu og upplýsingaöflun. Nokkuð mikil áhersla var lögð á kennslu í heimildaskráningu á árinu og fór Klara í fjölmarga tíma þar sem nemendur lærðu að skrá heimildir samkvæmt APA-staðlinum. Í kjölfarið leituðu margir nemendur á safnið eftir frekari aðstoð.

Áfram var haldin bóksala á haust- og vorönn, þar sem starfsmenn safnsins sáu um skipulag og framkvæmd.

Í lok nóvember var haldið árlegt jólabókaþótt fyrir starfsfólk skólans, sem heppnaðist einstaklega vel. Þar lásu Björn Jón Bragason og Sigrún Alba Sigurðardóttir upp úr nýútkomnum bókum sínum og skapaðist notaleg og góð stemning.

Á árinu var einnig samstarf sett á laggirnar við Viljann og Tímarit.is. Gerður var samningur um að skanna og birta öll blöð Viljans frá upphafi, auk þess sem tryggt var að framtíðarútgáfur blaðsins verði einnig aðgengilegar þar. Þetta verkefni hefur mikið varðveislugildi og eykur aðgengi að sögu skólans.



### Vefur skólans og samfélagsmiðlar

---

Vefur Verzlunarskóla Íslands gegnir lykilhlutverki í upplýsingamiðlun til nemenda, foreldra og starfsfólks. Á árinu 2025 var áfram lögð áhersla á reglulega og fjölbreytta miðlun efnis sem endurspeglar skólastarfið.

Alls voru 106 fréttir birtar á vefnum á árinu, þar sem fjallað var um viðburði, verkefni og afrek nemenda, auk almennra upplýsinga um starfsemi skólans. Vefurinn er því áfram mikilvægur vettvangur til að miðla daglegu lífi og starfi skólans til skólasamfélagsins.

Jafnframt var unnið að almennu viðhaldi og uppfærslum á vefnum með það að markmiði að tryggja að upplýsingar séu réttar, aðgengilegar og í samræmi við starfsemi skólans hverju sinni.

Verzlunarskólinn er jafnframt á samfélagsmiðlunum facebook og instagram. Fréttum úr skólastarfinu sem birtast á heimasíðu skólans er deilt á facebook síðuna. Á instagram síðu skólans eru mjög reglulega settar inn myndir og fréttir af hinu daglega lífi í skólanum og þá hefur nemendafélag skólans sem er með fjölmargar instagram síður nýtt sér það að síða skólans deilir oft fréttum frá þeirra síðum. Fylgjendur skólans á instagram nálgast 3.000.

## ÁRSREIKNINGUR

Rekstur skólans gekk vel árið 2025 og var rekstrarafkoma jákvæð eins og árið á undan. Launaliður skólans er 93% af framlagi ríkisins sem er sambærilegt árinu 2024.

### Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr	2025	2024
<b>Rekstrartekjur</b>			
Framlag Ríkissjóðs .....		1.978.311.306	1.805.312.595
Skólagjöld .....		326.722.045	299.305.009
Aðrar tekjur .....		36.075.687	24.297.300
		<u>2.341.109.038</u>	<u>2.128.914.904</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	8	1.842.683.584	1.668.987.904
Húsaleiga .....	6	309.000.000	295.000.000
Rekstur húsnæðis .....		31.703.497	29.130.496
Viðhald og rekstur áhalda og búnaðar .....		25.982.003	32.566.529
Annar rekstrarkostnaður .....		87.319.977	50.209.621
Afskriftir .....	2	15.453.638	18.506.212
		<u>2.312.142.699</u>	<u>2.094.400.762</u>
<b>Rekstrarafkoma</b>		28.966.339	34.514.142

## LOKAORÐ

Skólastarf í Verzlunarskóla Íslands var traust og árangursríkt á árinu. Aðsókn að skólanum er áfram mjög góð og endurspeglar sterka stöðu hans sem eftirsóttar menntastofnunar. Nemendahópurinn er öflugur og hefur fjölbreytni innan hans aukist á undanförunum árum, sem hefur haft jákvæð áhrif á skólabrag og stuðlað að fjölbreyttu og lifandi námsumhverfi. Nýnemar sem hófu nám haustið 2025 tilheyra stærsta árgangi sem hefur innritast í skólann til þessa.

Rekstur skólans var í heild sinni í jafnvægi á árinu, þrátt fyrir að fjárframlög frá hinu opinbera hafi ekki þróast í samræmi við almenna verðlagsbreytingu. Áhersla var lögð á markvisst þróunar- og gæðastarf sem órjúfanlegan þátt daglegs rekstrar. Sú vinna byggir á sterkum faglegum grunni, þar sem þekking, reynsla og metnaður kennara og annarra starfsmanna eru lykilforsendur árangurs. Niðurstöður reglubundinna starfsmannakannana sýna mikla starfsánægju og traust til stjórnenda.

Samstarf við aðra skóla, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi, hefur verið virkt og hefur eflst enn frekar á síðustu árum. Starfsfólk skólans hefur jafnframt verið virkt í símenntun og sótt fjölbreytta fræðslu- og endurmenntunarviðburði með það að markmiði að styrkja faglega hæfni og stuðla að áframhaldandi þróun skólastarfs.

Nemendur Verzlunarskólans hafa náð góðum árangri í námi og sýnt framúrskarandi frammistöðu á ýmsum sviðum. Það endurspeglast meðal annars í árangri þeirra í keppnum tengdum námi og félagsstarfi, þar sem þeir hafa hlotið fjölmargar viðurkenningar.

